

Nd.

315. Tillaga

til þingsályktunar um almenningseldhús.

Frá bjargráðanefnd.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita tveim mönnum, einum karlmanni og einum kvenmanni, sem bæjarstjórn Reykjavíkur mælir með, allt að 4000 kr. styrk til þess að kynna sjer erlendis fyrirkomulag almenningseldhúsa og rekstur þeirra. Styrkur þessi veitist gegn því, að Reykjavíkurbær leggi fram eigi minna en einn fjórða hluta kostnaðar.